

Fundargerð 40. fundar

stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2018, föstudaginn 2. febrúar kl. 13:30 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar í Virkisbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gauti Jóhannesson, Sigrún Árnadóttir, Steinunn María Sveinsdóttir, Anna Lind Ragnarsdóttir og Páll Björgvin Guðmundsson.

Að auki sat fundinn: Helga Guðrún Jónasdóttir sem einnig ritaði fundargerð.

Anna Lind Ragnarsdóttir og Steinunn María Sveinsdóttir tóku þátt í fundinum í síma.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Stefnumörkun í fiskeldi - 1712002SU

Drög kynnt að stefnu samtakanna í fiskeldi. Drögin gerði Kristinn Hjálmarsson, ráðgjafarfyritækinu Notera, og eru þau byggð á vinnufundi sem samtökin stóðu að 22. janúar sl. vegna stefnumótunarinnar.

Kristinn var gestur fundarins undir þessum dagskrárlið og kynnti hann stefnu­drögin. Einnig sat þennan dagskrárlið Vigdís Ósk Häsler Sveinsdóttir, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði, sér til upplýsingar vegna næsta dagskrárliðar.

Í kynningunni kom fram að stefnu­drögin byggja á 13 áhersluatriðum alls: að sjálfbærni sé höfð að leiðarljósi við uppbyggingu greinarinnar; að sveitarfélögum séu tryggðar tekjur af nýtingu svæða; að sveitarfélög hafi skipulagsvald yfir strandsvæðum, allt að einni sjómílu út frá grunnlínu landhelginnar sbr. stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga 2014-2018, að ríkisvaldið setji skýra stefnu í málaflóknum í samstarfi við sveitarfélög, að tekjustofnar sveitarfélaganna séu tryggðir, að nýsköpun og þróun sé tengd fiskeldi, að sveitarfélög hafi aðkomu að leyfismálum, að rannsóknarstörf byggist upp við fiskeldið, að krafa sé gerð um besta mögulega búnað í greininni, að stjórnvöld hafi aðkomu að uppbyggingu innviða á vaxtaskeiði, að markvisst eftirlit sé haft með fiskeldi, að menntun sé efl­d í fræðum sem tengjast greininni í nærsamfélaginu og að samspil greinarinnar við aðra hagsmunaaðila sé á grundvelli almennra hagsmuna.

Stjórn lýsti ánægju sinni með stefnumótunarferlið í heild sinni og þakkaði Kristni fyrir gott samstarf og greinargóða yfirferð yfir stefnu­drögin.

2. Drög að lagafrumvarpi um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi - 1802001SU

Farið yfir drög að lagafrumvarpi sem atvinnuvegaráðuneyti sendi frá sér til umsagnar þann 30. janúar sl. Áðurnefnd Vigdís Ósk Häsler Sveinsdóttir, fór með stjórninni efnislega yfir frumvarpið.

Í máli Vigdísar Óskar kom m.a. fram að það væri verulegur styrkur efnislega fyrir umsögnina að áður umrædd stefnuþrög í fiskeldi liggi fyrir hjá samtökunum, sbr. fyrri dagskrárlið.

Stjórn þakkaði Vigdís Ósk fyrir greinargóða yfirferð yfir umsagnardrögin og lýsti áhuga sínum á því að sambandið og samtök sjávarútvegssveitarfélaga standi að sameiginlegri umsögn vegna málsins, reynist grundvöllur fyrir því.

Ákveðið með hliðsjón af stuttum umsagnarfræsti, sem lýkur 9. febrúar nk., að boða til sérstaks stjórnarfundar um málið miðvikudaginn 7. febrúar, kl. 12:00.

Fundi var slitið kl. 02:-1

Gauti Jóhannesson

Sigrún Árnadóttir

Steinunn María Sveinsdóttir

Anna Lind Ragnarsdóttir

Páll Björgvin Guðmundsson